



Fræðslunefnd
FUNDUR - 13. september, 2006

Fundur haldinn í fræðslunefnd miðvikudaginn 13. september, 2006 kl. 18:00 í leikskólanum.
Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Kynning Guðjóns Ólafssonar á starfssemi fræðsluskrifstofu.
2. Viðbygging leikskóla.
3. Skólaár leikskólans 2006-2007.
4. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Formaður setti fund og gaf Guðjóni Ólafssyni orðið. Hann kynnti starfssemi fræðsluskrifstofu og fór yfir námskeið og ýmiss konar starfssemi – fjölda starfsmanna grunn- og leikskóla sem sótt hafa námskeið.
2. Leikskólastjóri kynnti teikningar af viðbyggingu leikskólans, og er vinnsla á þeim á lokastigi.
3. Leikskólastjóri kynnti skólaár leikskólans 2006-2007. 56 börn eru í leikskólanum núna.
Starfsmannamál. Þær breytingar hafa orðið að Halla Bernódusdóttir hefur hætt störfum og Marianna Þorgrímsdóttir hefur verið ráðin í fullt starf. Eru Höllu þökkuð góð störf og Marianna boðin velkomin til starfa.
4. Önnur mál.
Formaður kynnti að Ásta Þórisdóttir hefur verið ráðin stuðningsfulltrúi í bekk í grunnskóla, jafnframt hefur Rut Vestmann verið ráðin í starf skólaliða, einnig í grunnskóla og bjóðum við nýtt starfsfólk velkomið.
Auðunn óskaði eftir því við formann nefndar að hún fylgi eftir bókun frá síðasta fundi í sambandi við hraðahindrun á Húnabraut.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:00

Helga Kristín Gestsdóttir (sign.)
Sunna Gestsdóttir
Auðunn Sigurðsson
Árný Árnadóttir
Jóhanna G. Jónasdóttir, leikskólastjóri
Greta Björg Lárusdóttir, fulltrú foreldra
Harpa hermannsdóttir, fulltrúi starfsfólks

Jakobína Halldórsdóttir (sign.)